

Fundargerð
319. stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)
Fimmtudaginn 6. janúar 2022 kl. 9⁰⁰ – 10³⁰.

Mætt: Magnús Jóhannesson (MJ), formaður
Benedikt S. Benediktsson (BSB)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Gestir:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Fundaáætlun

Lögð var fram á fundinum tillaga að fundaáætlun fyrir fyrri hluta árs 2022. Einnig var lögð fram tillaga um starfsdag stjórnar þann 20. janúar 2022.

Stjórn samþykkir framlagða fundaráætlun.

Samþykkt að halda starfsdag stjórnar 25. janúar 2022

3. Ráðstöfun plastumbúða.

Borist hafði svar frá Peute í Hollandi vegna fyrirspurnar sjóðsins um ráðstöfun á umbúðaplasi frá Íslandi með yfirliti um feril plastumbúða frá þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs fyrir árin 2020 og 2021. Jafnframt sendi Peute sjóðnum upplýsingar um endurvinnsluaðila utan Evrópu í Malasíu, Víetnam og Indónesíu. Stjórn fór yfir málið og var framkvæmdastjóra falið að óska nánari upplýsinga um ákveðin atriði í yfirlitinu. Fulltrúar sveitarfélaga lögðu til að skilmálar þjónustu- og ráðstöfunaraðila yrðu uppfærðir þannig að komi upp frávik frá gildandi starfsleyfi viðkomandi aðila eða að starfsemi hans undirgangist rannsókn stjórnvalda í heimalandi beri þeim að tilkynna Úrvinnslusjóði um málið. Stjórnin ræðir tillöguna og mögulegar útfærslur á þessu áfram.

4. Starfið framundan.

Farið yfir beiðni frjálsra félagasamtaka að fá stöðu áheyrnafulltrúa á stjórnarfundum.

Stjórnarformanni falið að koma með tillögu að samskiptum Úrvinnslusjóðs við frjáls félagsamtök í ljósi sjónarmiða sem fram komu.

Rætt um vinnu við stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar og lagðar fram spurningar frá Ríkisendurskoðun sem borist höfðu. Framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að svörum. Rætt um undirbúningi vinnu við fræðslu- og kynningarmál sjóðsins. Stjórnarformaður leggur til að Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnun komi að þessari fræðslu með Úrvinnslusjóði og sagði frá viðræðum sem hann hafði átt með framkvæmdastjóra Samband íslenskra sveitarfélaga og forstjóra UST. Stjórnarmenn ræddu stöðuna. Lagt til að sjóðurinn undirbúi kynningarátak um starfsemi sjóðsins. Kynnt var á fundinum væntanlegt skipulag skrifstofu sjóðsins og stöðu á mannráðningum.

Samþykkt að framkvæmdastjóri ráði sem fyrst starfsmann til sjóðsins einnig ráði aðila til að aðstoða við kynningu á starfsemi sjóðsins sem fyrst.

5. Önnur mál.

Engin

Næsti fundur 20. janúar 2021 kl. 09:00

Fundi slitið kl. 10:30